



## 1. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2022 - 23 haldinn þriðjudaginn 30. ágúst 2022 kl.12:00.

**Mætt voru:** Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, Hrefna Ævarsdóttir fulltrúi foreldraráðsins. Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara. Andri Bergmann og Máni Þór Guðmundsson fulltrúar nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

### Dagskrá:

- Fjármál skólans  
Sálfræðipjónusta sem skólinn greiðir fyrir hefur aukist, húsnæðiskostnaður, rafmagn og heitt vatn hefur hækkað miðað við áætlun. Einhver launahækkun varð sem á eftir að bæta en engin þörf er á að hafa áhyggjur af fjármálunum eins og staðan er í dag.
- Breytingar á stafsmanmálum  
Einn kennari er í námsorlofi fram að áramótum og búið er að ráða afleysingakennara. Einnig er búið að ráða í kennarastöður sem losnuðu í vor vegna starfsloka. Einhverjar breytingar hafa orðið á millistjórnendastöðum innan skólans.
- Innritun á haustönn 2022  
Rúmlega einn þriðji nemenda FG er búsettur í Garðabæ. Búseta hefur ekkert vægi í innritun. Um helmingur nemenda sem sóttu um skólann í fyrsta sæti komst inn. Mesti fjöldi umsókna sem skólinn hefur fengið var fyrir haustönnina 2022, næst tekið inn í febrúar. Kynjahlutföll eru 70/30 milli kven- og karlkyns hvað nýnema varðar og hallar á strákana. Í skólanum í heild eru hlutföllin 60/40 svo ekki hallar eins mikið á strákana í heild. Einn nemandi er skráður kynsegin. Brottfall nemenda er lítið, en ef eitthvað er þá er það yfirleitt flutningur milli skóla.  
Veltum fyrir okkur þróun í kynjahlutföllum í skólanum. Erfitt fyrir einn skóla að vera með annað innritunarkerfi en aðrir skólar. Spurning um kynjakvóta? Hver er stefna ráðuneytisins í þeim málum?  
Mál framhaldsskólans eru lítið til umræðu almennt í þjóðfélaginu.

Fundi slitið kl. 12:55

Næsti fundur: 18. október

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari